

Hella 18. október 2012

Umhverfis- og skipulagsmál

Í nefndinni störfuðu:

Valtýr Valtýsson	Bláskógabyggð
Aðalsteinn Sveinsson	Flóahreppur
Þórdís Eygló Sigurðardóttir	Árborg
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson	Rangárþing ytra
Gunnar Þór Jóhannesson	Hrunamannahreppur
Jóhannes Gissurarson	Skaftárhreppur
Kristófer A. Tómasson	Skeiða-og Gnúp.
Elsa Ingjaldsdóttir	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Guðmundur Tryggvi Ólafsson	Sorpstöð Suðurlands

Frumvarp til laga um breytingu á mati á umhverfisáhrifum.

Árþing SASS 18. og 19. október 2012 beinir þeim eindregnu tilmælum til Alþingis að endurskoða frumvarp það sem nú er til meðferðar á Alþingi um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Telur Árþingið að tilkynningaskyldan sé of vítt skilgreind í frumvarpinu og bendir á að mat á umhverfisáhrifum fer fram víðar en undir ákvæðum þessa frumvarps, m.a. í skipulagsvinnu sveitarfélaga og í undirbúningsvinnu fyrir veitingu framkvæmda- og/eða byggingaleyfa hjá skipulagsyfirvöldum hvers sveitarfélags.

Að mati Árþingsins ættu umfangslitlar framkvæmdir með hverfandi umhverfisáhrif að vera undanþegar tilkynningaskyldu og ákvörðun um slíkt í höndum hvers sveitarfélags.

Frumvarp til laga um breytingu á náttúruverndarlögum.

Árþing SASS, haldið 18 og 19 október 2012 tekur undir ítarlega umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. september 2012 um drög að frv. lögum um náttúruvernd. Umrædd drög að framvarpi til breytingar á náttúruverndarlögum eru til þess fallin að skerða umtalsvert skipulagsvald sveitarfélaga og flækja stjórnábyrgð skipulagsmála. Árþingið beinir þeim eindregnum tilmælum til Alþingis að gæta hagsmuna sveitarfélaga við breytingu á náttúruverndarlögum.

Minnkun svifryks frá Hagavatni

Árþing SASS, haldið á Helli 18. og 19. október 2012, ítrekar fyrri ályktun um að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu. Umhverfisáhrif yrðu umtalsverð og jákvæð þar sem svifryk af svæðinu myndi minnka til muna og lífríkið allt njóta góðs af. Um mikið þjóðþrifamál yrði að ræða fyrir allt nærumhverfið. Möguleiki myndi enn fremur skapast til byggingar jafnrennslisvirkjunar er skapa myndi atvinnu á svæðinu á framkvæmdatíma og auka hagkvæmni framkvæmdanna.

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga

Árþing SASS, haldið á Helli 18. og 19. október 2012, ítrekar nauðsyn þess að ríkisvaldið standi við þegar gefin loforð um endurgreiðslu hluta kostnaðar við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Ljóst er að sveitarfélög munu eiga mjög erfitt með að uppfylla þær lagaskyldur sem á þau eru settar nema með stuðningi. Sveitarfélög á landsbyggðinni búa mörg hver við mjög viðkvæma viðtaka og verða því að fara í mjög kostnaðarsamar aðgerðir til þess að koma sínum fráveitumálum í lag. Árþingið vill einnig áreita að málefnið er ekki hagsmunamál einstakra sveitarfélaga heldur lífríkisins alls og þar með sameiginlegur ávinningur allra. Í ljósi þess að íslenskum sveitarfélögum er gert að uppfylla strangari kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp heldur en tilskipun ESB gerir ráð fyrir, beinir Árþing SASS

þeim eindregnu tilmælum til ríkisins að halda áfram að veita styrk vegna fráveituframkvæmda.

Árþing SASS bendir sérstaklega á að taka þurfi út úr reglugerðinni hið íslenska ákvæði sem snýr að því að sveitarfélög við sjó þurfa að uppfylla mun strangari kröfur um þynningarsvæði en gerist og gengur í löndum Evrópusambandsins.

Rammaáætlun.

Árþing SASS haldið á Hellu 18. og 19. október 2012 lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá stefnu sem ríkisstjórn hefur tekið varðandi þingsályktunartillögu um rammaáætlun en samkvæmt henni verður gengið á svig við niðurstöður þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Árþing SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk.